



Umhverfis- og samgöngunefnd
b.t. Ólínu Þorvarðardóttur, formanns
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. febrúar 2012

Málsnúmer: 2013010077
Skjalalykill: 15.3.4

Málefni: Umsögn um lénafrumvarpið - vorþing 2013

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) vísar til frumvarps um landslénið .is og önnur höfuðlén, sbr. þingskjal 528 – 421. mál, sem nú er til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd. Hefur PFS verið gefin kostur á því að koma á framæri við nefndina athugasemdum sínum við frumvarpið.

1. Lykilþættir frumvarpsins

Eins og kunnugt er að þá var umrætt frumvarp fyrst lagt fram á vorþingi 2011 án þess að tekist hafi að afgreiða frumvarpið úr nefnd á því löggjafarþingi. Í umsögn sinni um frumvarpið frá þeim tíma, sbr. bréf frá 17. maí 2011, rekur stofnunin mikilvægustu þætti frumvarpsins að hennar mati. Ekki þykir vera tilefni til að endurtaka þá umfjöllun með ítarlegum hætti í þessari umsögn. Á hinn bóginn telur stofnunin rétt að halda ákveðnum sjónarmiðum til haga og draga mikilvægustu efnisatriðin saman í stutt yfirlit, sbr. eftirfarandi:

- *Takmörkuð auðlind – réttindi sem eiga að vera á forræði hins opinbera.*
Að áliti PFS er um að ræða auðkenni sem hefur sérstök tengsl við land og þjóð og er í eðli sínu takmörkuð auðlind, þar sem aðeins er um að ræða eitt skilgreint landslén, eðli málsins samkvæmt. Af þessum ástæðum og þar sem skráarhald og ábyrgð á skráningastarfsemi getur aðeins verið á hendi eins aðila er um að ræða náttúrulega einokun (e. natural monopoly). Því telur PFS það vera í samræmi við þær meginreglur sem almennt gilda um ráðstöfun og nýtingu auðlinda, sbr. og að sumu leyti þegar um er að ræða einokunarstarfsemi, að löggjafinn geti sett lög um ráðstöfun og nýtingu þessara réttinda.
- *Reglur um skráningu léna*
PFS telur mikilvægt að hið opinbera setji þær reglur sem gilda um skráningu léna undir landsléninu, þannig að einkaaðilum sé ekki í sjálfsvald sett hvernig staðið sé að því. Hér er t.d. hægt að horfa til skilyrða um að rétthafar íslenskra léna hafi náð lögaldri og eigi staðfestu hér á landi, svo að íslensk lögsaga nái til notkunar léna, ef upp koma tilvik um ólögmetta háttsemi af einhverju tagi. Einnig er rétt að móta reglur um skráningu léna til samræmis við ákvæði neytenda- og einkaleyfalöggjafar. Þess vegna er ekki hægt að umgangast íslensk höfuðlén sem hverja aðra söluvöru sem eingöngu er á forræði einkaaðila.

- *Kröfur um öryggi*

Með tilliti til mikilvægis internetþjónustu fyrir samfélagið allt, s.s. vegna viðskipta og þjónustu, er mikilvægt að gerðar séu viðeigandi kröfur til öryggis búnaðar, upplýsinga í lénaheittakerfi og réttahafaskrá og tengdum gagnagrunnum og kerfum, sbr. c.- lið 7. gr. frumvarpsins og að öryggisviðbúnaður og áfallastjórnun miði að samfelldum og órofum rekstri starfsemi skráningarstofu, sbr. lokamálsliði 4. mgr. 15. gr. þess. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar verður markmiðum um nauðsynlegt öryggi reksturs, búnaðar og gagna í þeim, ekki tryggt nema með löggjöf, enda um að ræða íþyngjandi inngrupsheimildir til handa stjórnvöldum.

- *Gjaldskrárefirlit*

Gjaldskrárefirlit, samkvæmt 16. gr. frumvarpsins, verður að telja mikilvæga neytendavernd og mótvægisáðgerð við þá náttúrulegu einokun sem felst í skráningu á landsléninu .is, og e.t.v. fleiri höfuðlénnum seinna meir. Eftirlit með gjaldskrá er viðurkennt úrræði þegar um er að ræða framboð og verðlagningu á samfélagslega mikilvægri grunnþjónustu og sú aðstaða er uppi að fáir eða enginn getur keppt við þann aðila sem fyrir er á markaði, t.d. vegna eðlis þjónustunnar, mikils kostnaðar við fjárfestingu og uppbyggingu til þess að koma inn á markaðinn. Þetta á m.a. við á sviði fjarskipta og veitustarfsemi fyrir vatn og rafmagn, þar sem fjárfesting í nýjum dreifi- og veitukerfum myndi reynast nýjum aðila ofviða, auk þess ýmsar tæknilegar hindranir varðandi aðgang og aðstöðu geta leitt til þess að ómögulegt er fyrir fleiri en einn aðila að veita þjónustuna.

3. Helstu breytingar á frumvarpinu

Frá því að síðasta frumvarp vart lagt fram hafa verið gerðar tvær meginbreytingar. Telur Póst- og fjarskiptastofnun tilefni til að víkja nokkrum orðum að þeim.

3.1. Ótímabundið starfsleyfi

Ekki er lengur gert ráð fyrir útgáfu tímabundins starfsleyfis, heldur er núverandi rekstraraðila landslénsins veitt ótímabundið starfsleyfi til þess að annast rekstur á landsléninu .is. Að áliti PFS hefur með þessari breytingu verið komið fyllilega til móts við sjónarmið fyrirsvarsamanna ISNIC, núverandi rekstraraðila landslénsins, um að lagasetning á þessu sviði, þar sem gert væri ráð fyrir útgáfu tímabundins rekstrarleyfis fyrirtækisins, kynni hugsanlega að fela í sér skerðingu á stjórnarskrávörðum eignarréttindum þeirra.

Íslenska ríkið hefur eðlislægan rétt til þess að setja lög um nýtingu og afnotarétt á takmörkuðum auðlindum landsins, hvort sem þær eru af náttúrulegu tagi eður ei. Sérstaklega ef nýtingin er á hendi eins aðila sem leiðir til einokunar á markaði. Mörg dæmi eru um það að sérstök lög og eftirlit gildi um sérleyfis- og einokunarstarfsemi, t.d. á sviði fjarskipta- og raforku, en þar lúta markaðsráðandi aðilar m.a. gjaldskrárefirliti af hálfu opinberra aðila. Því er sú gagnrýni ekki réttmæt að það geti talist ómálefnalegt að beina lagasetningu einungis að einu tilteknu fyrirtæki. Sérstök staða fyrirtækis á markaði er einmitt sú staðreynd sem kallar á slíka löggjöf.

3.1. Lækkun rekstrargjalds

Gjaldhlutfall rekstrargjalds hefur verið lækkað úr 4,9% niður í 3,5%. Kemur sú breyting m.a. til vegna fækkunar þeirra eftirlitsverkefna sem PFS var ætlað að sinna samkvæmt upphaflegu frumvarpi. Upphaflegt kostnaðarmat var hófstíllt og gerði, að mati PFS, einungis ráð fyrir frekar aðhaldssömu og takmörkuðu eftirliti. Horfa verður til þess að allt opinbert eftirlit felur

ávallt í sér lágmarks viðbúnað, aðgang að aðstöðu og þekkingaruppbyggingu af hálfu viðkomandi stjórnvalds.

Síðan upphaflegt kostnaðarmat var gert hefur orðið fjölgun á skráningu léna, en á móti kemur að árleg skráningargjöld hafa verið lækkuð. Þannig hafa áætlaðar tekjur vegna gjaldsins færst nær því sem upphaflega var gert ráð fyrir. Engu að síður telur Póst- og fjarskiptastofnun að þær tekjur sem gert er ráð fyrir að rekstargjaldið skili bjóði einungis upp á tiltölulega takmarkað eftirlit af hálfu stofnunarinnar. Er því eindregið varað við því að gjaldhlutfallið verði ekki lækkað enn frekar frá því sem nú er. Þá er rétt að taka fram að upphæð rekstrargjaldsins ætti ekki, miðað við núverandi rekstur ISNIC, að mati Póst- og fjarskiptastofnunar, að leiða til hækkunar árlegum skráningagjöldum fyrir lén. Nánar er fjallað rekstrargjaldið í kafla 5. hér á eftir, m.a í samhengi við fjárhag og rekstur ISNIC.

4. Einkarekstur á landsléni er sjaldgæft rekstrarfyrirkomulag

Því hefur t.d. verið haldið fram að með 1. gr. frumvarpsins ætli íslenska ríkið að taka sér „alræðisvald“ með því að slá því föstu að íslenska ríkið fari með ákvörðunarrétt yfir landsléni .is og önnur höfuðlén. Með þessu ákvæði er verið að taka af allan vafa um að ákvörðunarrétturinn um landsléni .is er í höndum ríkisvaldsins í umboði íslensku þjóðarinnar, þar sem hér um að ræða takmarkaða auðlind sem tengist landi og þjóð. ICANN, þ.e. sú alþjóðlega stofnun sem mótar stefnu og setur reglur um fyrirkomulag lénamála og öll réttindi til notkunar á lénum spretta frá, hefur staðfest það við íslensk stjórnvöld að það sé á valdi íslenska ríkisins að ákveða hvernig staðið er að skráningum á landsléni .is, alveg burtséð frá því hvort að þeim réttindum hafi á einhverjum tímamarki verið ráðstafað til einkaaðila eða ekki. Með öðrum orðum þá er um ræða réttindi sem íslenska ríkið getur ekki afsalað sér fyrir fullt og allt og tilheyra því stöðu þess og eðli málsins samkvæmt.

Viðast hvar er skráningum á landsléni landa komið fyrir hjá opinberum stjórnvöldum, því fyrir komið innan háskólasamfélagsins¹, eða um það hefur verið stofnað nokkurs konar sjálfseignarstofnun (e. Non-Profit Organization). Er þá haft að markmiði að um sé að ræða samfélagslega starfsemi, þar sem sjónarmið internetsamfélagsins fái að heyrast og njóta sín, auk þess sem hún er ekki rekin í hagnaðarskyni. Í þeim löndum sem skráning léna er á hendi hins opinbera, eins og algengast er, að þá hefur ekki þurft að setja almenn lög um starfsemina, eða leggja á sérstakt veltutengt rekstargjald til að fjármagna eftirlitið, heldur hefur skráningargjaldið sjálft runnið til hins opinbera til að standa straum af starfseminni og uppbyggingu hennar. Í þeim tilvikum hefur skráning léna tekið mið af stefnumótun ríkisins og almennum kröfum til öryggis mikilvægra innviða hins opinbera, enda hvílir eðlislæg skylda á hinu opinbera að tryggja rekstur og öryggi samfélagslega mikilvægrar þjónustu sem ríkið hefur með höndum. Í viðauka við umsögn þessa er að finna yfirlit úr skýrslu OECD frá 2006² sem sýnir m.a. rekstrarform fjölda skráningaraðila landsléna og höfuðléna víða um heiminn. Þar sést að aðeins í Japan er slíkri starfsemi fyrir komið hjá einkareknum aðila, eins og háttar til hér á landi. Nauðsyn sérstakrar lagasetningar um eftirlit og álagningu gjalda til að standa straum af því helgast einfaldlega af sérstöðu rekstrarfyrirkomulags á íslenska landsléni.

Allt önnur lögmál eiga við ef fela á einkaréttarlegum aðila að annast skrárhald yfir landslén. Kröfur um öryggi, skjalfestar vinnureglur, stefnumótun, samráð við notendur, eðlilegt viðhald og eðlilegar fjárfestingar til framtíðar eru íþyngjandi kvaðir sem kosta fé. Óviðundandi er að

¹ Skráning á íslenska landsléni hófst t.d. á vegum Háskóla Íslands

² DST/ICCP/TISP(2006)6/FINAL – Evolution in the management of country code top-level domain names.

treysta á að einkaréttarlegur aðili, hver sem hann er, grípi til allra nauðsynlegra ráðstafana í þessum efnum af fúsum og frjálsum vilja, jafnvel á kostnað minni hagnaðar af rekstrinum.

Eðlilegar kröfur til öryggis, reglur um skráningu léna o.s.frv. verður því að festa í lög og reglugerðarfyrirmæli til þess að þau séu bindandi gagnvart einkaaðila sem ætlar að taka að sér hlutverk og skyldur ríkisins á þessu sviði. Þá hafnar PFS því sérstaklega að ríkið ætli sér að undiroka öll völd yfir landsléninu, þar sem sérstaklega er gert ráð fyrir því í 18. gr. frumvarpsins að starfrækt verði sérstök nefnd, með fulltrúum hagsmunaaðila, til að vera stjórnvöldum til ráðgjafar á sviði lénamála. Telur PFS það vera mun betri tryggingu fyrir breiðari aðkomu ólíkra sjónarmiða um skipan lénamála, heldur en að slíkt vald sé eingöngu í höndum tiltekins einkahlutafélags hér á landi. Gagnrýni hvað þetta varðar stenst ekki skoðun.

5. Rekstargjald m.t.t. fjárhags og reksturs ISNIC

Eins og fram kom hér að framan hefur skráning léna víðast hvar í heiminum verið á hendi hins opinbera, eða stofnsett hefur verið sjálfseignarstofnun um starfsemina. Hefur sú starfsemi almennt ekki verið rekin í hagnaðarskyni svo að PFS sé kunnugt um. Þá hafa upphafs- og árgjöld fyrir skráningu léna runnið til umrædds opinbers eða hálf opinbers aðila. Nú er ætlunin að fara þá leið hér á landi, sennilega fyrir tilstilli sögulegs aðdraganda málsins, að fela einkaaðila að skrá lén í umboði hins opinbera. Þá þarf hið opinbera að tryggja að umræddur einkaaðili starfi samkvæmt eðlilegum kröfum um rekstraröryggi, neytendavernd og fari eftir stefnumótun og reglum hins opinbera um skráningu léna. Það verður ekki gert án eftirlits. Til að kosta það eftirlit hefur verið farin sú leið að leggja rekstargjald á viðkomandi starfsemi, eins og meginreglan er í eftirliti með fjarskiptafyrirtækjum.

Áætlun yfir einstaka eftirlitsþætti, sem munu koma til með að hvíla á PFS, og kostnaðargreining á þeim hefur leitt í ljós að *lágmarkseftirlit* muni kosta tæplega **8 milljónir kr.** á ári. Miðað við að fjöldi skráðra léna hjá ISNIC sé um 40 þúsund og núverandi árgjald 5.563 kr. án vsk., þarf rekstargjaldshlutfallið að vera um **3,5%** eða sem samsvarar um **195 kr.** á lén á ári m.v. núverandi árgjald.

Látið hefur verið að því liggja í fjölmiðlum að hér sé um nýjan *skatt* að ræða. Eins og fyrr segir tekur það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir mið af því að starfsemin verði eftir sem áður á hendi einkaaðila, sem er mjög óvenjulegt í alþjóðlegum samanburði. Því er ekki nema von að erfitt sé að finna hliðstæður um slíka gjaldtöku frá nágrannalöndum okkar, nema ef vera skyldi frá Noregi. Í flestum ríkjum fer gjaldataka til hins opinbera hins vegar fram í gegnum sjálf upphafs- og skráningargjöld léna. Að tala um rekstargjöld, vegna eftirlits hins opinbera með starfsemi einkaaðila á þessum vettvangi, sem nýjan skatt, „lénaskatt,“ eru því ómarktæk öfugmæli.

Það sem vekur sérstaka athygli við fyrirkomulag lénamála hér á landi er að skráning á landsléninu .is er á hendi einkaaðila sem rekin er í hagnaðarskyni í skjóli einokunar á markaði, án eftirlits af hálfu hins opinbera. Hefur núverandi rekstraraðili landslénsins .is, mótælt fyrirhuguðu rekstargjaldi og sagt að það muni leggjast þungt á rekstur fyrirtækisins. Telur PFS að horfa verði á fyrirhugaða 3,5% gjaldtöku sem nemur tæplega 8 millj. kr. í samhengi við rekstur og afkomu ISNIC.


5.1. Afkoma félagsins

Einokunarstaða félagsins á léninu .is hefur gert félaginu kleift að verðleggja skráningu léna með þeim hætti að afkoma félagsins hefur verið mjög góð. Hagnaður ISNIC fyrir afskriftir og

fjármagnsliði (EBITDA) á árunum 2008 til 2011 hefur verið á bilinu **83-108 millj. kr.** eða sem samsvarar **41-48%** af tekjum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um rekstrarárið 2012.

5.2. Verðsamanburður á árgjöldum

Samanburður á árlegum leyfisgjöldum vegna skráninga léna á Norðurlöndum leiðir í ljós að verðlagning hér á landi er mjög há borið saman við hin Norðurlöndin, en árleg skráningargjöld ISNIC eru 100-300% hærra en gjöld í viðkomandi löndum. Borin eru saman kaupmáttarjöfnuð verð (Purchasing Power Parity, PPP) í evrum.



Smæð markaðarins virðist ekki skýra hina háu verðlagningu hér á landi, en PFS gerði einnig verðsamanburð við smáríkin Liechtenstein og Möltu og reyndist verðið á Íslandi um eða yfir 100% hærra í þeim samanburði. Líklegri skýring er, ef horft er til hinnar góðu afkomu félagsins, að um er að ræða starfsemi sem ekki þarf að glíma við samkeppni og verðlagning er án eftirlits eða aðhalds.

5.3 Greiddur arður og skuldsetning í þágu eigenda

Félagið greiddi eigendum sínum 30 millj. kr. arð vegna rekstrarársins 2011. Á árinu 2007 var félagið skuldsett fyrir 350 millj. kr. vegna kaupa núverandi eigenda á félaginu. Á árunum 2002 til 2006 greiddi félagið út arð og skuldsetti sig fyrir þáverandi eigendur sína (Teymi) fyrir alls rúmlega 200 millj. kr.

Alls hafa eigendur ISNIC því greitt sér arð og skuldsett félagið í sína þágu fyrir fjárhæð sem nemur um **600 millj. kr.** auk fjármagnskostnaðar á árunum 2002 til 2011. Sé fjárhæðin framreiknuð til verðlags í dag er á hún yfir 800 millj. kr.

Ljóst er að háar útgreiðslur vegna arðs og skuldsetningar félagsins í þágu eigenda hafa m.a. stuðlað að háum skráningargjöldum á undanföllum árum hér á landi og ekki fyrir séð að breyting verði þar á miðað við núverandi fyrirkomulag.

Hér er því ljóst, að álitni PFS, að starfsemi í tengslum við skráningu á lénnum hér á landi hefur verið rekin í hagnaðarskyni undanfarin ár og skilað eigendum fyrirtækisins umtalsverðum arði vegna þeirrar einokunarstöðu á markaði sem til staðar er. Með tilliti til alls þessa verður að telja að 3,5% árlegt rekstrargjald, sem ætlunin er að leggja á tekjur fyrirtækisins vegna lénaskráninga, m.a. í þeim tilgangi að koma á gjaldskráreftirliti, sé mjög hóflegt og gefi ekki tilefni til þeirrar miklu gagnrýni sem sett hefur verið fram.

6. Tillaga um skýrari afmörkun á eftirlitshlutverki PFS

6.1. Meint eftirlit PFS með notkun léna - ritskoðun

Í athugasemdum við frumvarpið, sem m.a. hefur verið fjallað um í fjölmiðlum og komið til umræðu um frumvarpið á Alþingi, hefur verið óskað eftir skýringum á 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins, sem varðar eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar með framkvæmd laganna, en í lok málgreinarinnar segir að það taki jafnframt til *starfsemi* rétthafa. Hefur þetta orðalag valdið óvissu um í hverju eftirlitið eigi að vera fólgið og hefur þeirri spurningu t.d. verið varpað fram hvort tilgangurinn með ákvæðinu sé einhverskonar opinber ritskoðun eða afskipti af notkun rétthafa af sínu léni.

Samkvæmt skilningi PFS og upplýsingum frá frumvarpshöfundum er tilgangur ákvæðisins síður en svo að koma á opinberri ritskoðun eða afskiptum af efnislegum notum léna. Af öðrum ákvæðum frumvarpsins er hins vegar ljóst að á rétthöfum léna hvíla ákveðnar skyldur varðandi upplýsingagjöf í tengslum við umsókn um lén, tiltekin skilyrði sem umsækjandi þar að uppfylla, auk þess sem lögin mæla fyrir um ákveðin réttindi rétthafa. Því er eðlilegt að umsjón með framkvæmd laganna nái jafnframt til rétthafa, þótt e.t.v. sé ónákvæmt að orða það þannig að það nái til *starfsemi* rétthafa, enda getur hún verið af öllum toga og ekkert skyld umsýslu og notkun léna. Ef eftirlit með lögunum verður ekki jafnframt látið ná til rétthafa léna, samkvæmt orðanna hljóðan, má jafnvel halda því fram að það geti valdið þeim réttarspjöllum.

Til skýringar og frekari afmörkunar á eftirliti stofnunarinnar gagnvart rétthöfum má að ósekju tilgreina nánar hvað eigi að felast í því, þ.e. að rétthafi uppfylli *skilyrði fyrir skráningu* og *upplýsingagjöf*. Ætti það að taka af allan vafa um að tilgangur ákvæðisins er ekki að fylgjast með notkun rétthafans á léni sínu, né ritskoðun af nokkru tagi. Tillagan er nánar útfærð í kafla 6.3. hér á eftir.

6.2. Óskýrleiki um umfang eftirlitsúrræða

Í 15. gr. frumvarpsins er fjallað um eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar, en henni er ætlað það hlutverk að hafa umsjón með framkvæmd laganna og fara með almennt eftirlitsvald á sviði lénamála.

Útfærsla ákvæðisins ber þess hins vegar merki að aðrar stjórnarsýslustofnanir fara með eftirlitsvald á afmörkuðum sviðum í tengslum við lénamál, einkum Neytendastofa og Einkaleyfastofa, sbr. 17. gr. frumvarpsins. Þannig er t.d. gert ráð fyrir því að stofnunin geti beitt þeim úrræðum sem fjallað er um í 3. mgr. ákvæðisins, þ.e. afskráningu eða umskráningu léns, ef skráning léns er í *andstöðu við ákvæði laga*, eins og það er orðað. Þetta felur í sér að umrætt ákvæði er opið og án takmörkunar á því hvaða önnur lög geta hér átt undir þegar

kemur að beitingu íþyngjandi úrræðis af hálfu stofnunarinnar. PFS telur það óheppilegt og í andstöðu við kröfu um skýrleika eftirlitsheimilda að þetta skuli ekki vera skilgreint nánar eða takmarkað. Það væri þá háð mati stofnunarinnar hverju sinni hvort brot á einhverjum tilteknum lögum geti leitt af sér afskráningu eða umskráningu á léni, t.d. höfundarlögum nr. 73/1972 eða almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Þá getur framangreint orðalag, þrátt fyrir lokamálslið mágreinunarinnar, valdið misskilningi um að það sé hlutverk PFS að skera úr um hvort skráning léns kunni að vera í samræmi við önnur lög. Það er ekki í samræmi við 17. gr. sem felur í sér tiltekna lagaskilareglu hvað varðar valdmörk á milli þriggja tiltekinna stofnana. Telja verður að óskýrleiki hvað þetta varðar sé óæskilegur og geti leitt til þess að með greininni felist víðtækari völd til afskráningar á lénum heldur en löggjafinn hafi hugsanlega ætlað sér og getur skapað réttóvissu um hlutverk og skyldur PFS.

Samkvæmt framangreindu er lagt til að eftirlitsúrræði stofnunarinnar, hvað varða afskráningu eða umskráningu léna, samkvæmt 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins, verði takmarkað við að skráning léns sé andstöðu við lénalögin sjálf, þ.e. með tilvísun í lögin með orðalaginu ...“andstöðu við ákvæði laga þessara.“

6.3. Tillögur að breytingum á 15. gr. frumvarpsins

Samkvæmt framangreindu leggur PFS til eftirfarandi breytingar á orðalagi 1. og 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins, sbr. feitletraða textann:

„Póst- og fjarskiptastofnun fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. starfsemi skráningarstofu og gjaldskrá skráningarstofu fyrir þjónustu samkvæmt lögum þessum og eftir atvikum starfsemi skráningaraðila og að réttthafi uppfylli skilyrði fyrir skráningu og upplýsingagjöf.

[...]

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að kveða á um nauðsynleg úrræði séu ákvæði laga þessara ekki uppfyllt. Þar á meðal getur stofnunin tekið ákvörðun um afskráningu léns og eftir atvikum kveðið á um að lén verði umskráð, til að mynda ef skráning léns felur í sér brot á starfsreglum skráningarstofu eða er í andstöðu við ákvæði laga þessara. Þá skal stofnuninni heimilt að gera kröfu um úrbætur af hálfu réttthafa eða skráningarstofu komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að skilyrði skráningar samkvæmt lögum þessum séu ekki uppfyllt. Sé ekki orðið við fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um úrbætur er stofnuninni heimilt að kveða á um að lén verði afskráð úr réttthafaskrá. Sama gildir ef önnur stjórnvöld komast að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum.“

7. Tengsl við þingsályktun til fjarskiptáætlunar fyrir árin 2011 - 2014

Að lokum bendir PFS á að lagasetning um landslénið .is og önnur höfuðlén á sér stoð í markmiðssetningu stjórnvalda á sviði fjarskipta hér á landi til næstu ára, sbr. k.-lið 2. lið frumvarps til fjarskiptaáætlunar 2011-2014, sbr. þingskjal 529, sem samþykkt var á Alþingi þann 29. nóvember 2012.


8. Lokaorð

Vaxandi umræða er á alþjóðlegum vettvangi um stjórnsýslu Internetsins (e: Internet Governance). Þar er m.a. ætlunin að tilgreina með hvað hætti stjórnvöld stuðla að aukinni velferð almennings á Internetinu. Sú skipan mála sem er við líði hérlendis um fyrirkomulag

lénaskráningar tryggir ekki samræmi við þau sjónarmið að ríkisvaldinu beri að stuðla að aukinni velferð almennings við notkun Internetsins. Jafnframt lítur Póst- og fjarskiptastofnun svo á að umsýsla og meðhöndlun lénakerfisins sé þjóðfélagslega mikilvæg og því beri ríkinu að tryggja virkni þess og að leikreglur sem byggja á samfélagslegum sjónarmiðum séu hafðar að leiðarljósi.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að sú skipan mála að jafn samfélagslega mikilvæg og takmörkuð auðlind og landslénið .is skuli vera fyrir komið í einokunarstarfsemi einkaaðila sé afar óheppileg og geti m.a. skýrt þann mikla verðmun sem er á árgjöldum lénaskráningar hér á landi samanborið við þau lönd sem við helst berum okkur saman við, sbr. umfjöllun í kafla 5.2. Þessi staða, með tilliti til hagsmuna neytenda, samfélagslega mikilvægis þjónustunnar, auk sjónarmiða um rekstralegt öryggi og stjórnsýslulegt eftirlit með starfseminni, beinlínis kallar á að sett verði almenn lög um starfsemina. Telur PFS afar brýnt að það verði gert sem fyrst.

Virðingarfyllst,



Hrafnkell V. Gíslason



Björn Geirsson